

Lok rannsóknar á kaupum Mílu hf. á ljósleiðarakerfi Eyglóar

- Í úrlausn þessari er gerð grein fyrir málsmeðferð og lokum rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á samruna Mílu hf. (hér eftir „Míla“) og ljósleiðarakerfi Eyglóar eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir „Eygló“). Við meðferð málsins og þegar rannsókn eftirlitsins stóð enn yfir ákváðu samrunaaðilar að draga samrunatilkynningu sína til baka. Upplýstu samrunaaðilar um afturköllun sína á samrunatilkynningu þann 13. febrúar 2025 og lauk þá sjálfkrafa rannsókn og málsmeðferð eftirlitsins. Vegna afturköllunar aðila á samrunatilkynningu kom ekki til þess að Samkeppniseftirlitið þyrfti að taka endanlega afstöðu til áhrifa samrunans og hvort hann samræmdist samkeppnislögum.
- Meðferð samrunamálsins hófst formlega með samrunatilkynningu Mílu vegna kaupa félagsins á ljósleiðarakerfi Eyglóar, sem barst með fullnægjandi hætti hinn 23. desember 2024. Þar áður hafði ófullnægjandi samrunaskrá borist Samkeppniseftirlitinu auk þess sem samrunaaðilar höfðu átt í samskiptum við eftirlitið í aðdraganda þess um upplýsingagjöf og væntanlegt samrunamál.
- Hinn 13. janúar 2025 hófst umsagnarferli Samkeppniseftirlitsins þar sem markaðs- og hagaðilar fengu afrit af samrunaskrá án trúnaðarupplýsinga og þeim gefinn kostur á að tjá sig um samrunann, svo sem möguleg samkeppnisleg áhrif hans. Þá voru markaðsaðilar einnig spurðir samtímis hvort þeim hefði verið veitt tækifæri til þess að kaupa ljósleiðarakerfi Eyglóar, svo sem í söluferli. Þá óskaði Samkeppniseftirlitið einnig umsagnar Fjarskiptastofu sem sérfróðs stjórnvalds á sviði fjarskiptamála.
- Umsagnir og sjónarmið markaðsaðila bárust 20. til 30. janúar 2025 auk þess sem umsögn Fjarskiptastofu barst þann 28. janúar 2025. Samrunaaðili Míla fékk afrit af öllum innsendum umsögnum að frátöldum þeim þar sem trúnaðar var óskað að öllu leyti vegna viðskipta- eða samkeppnishagsmuna viðkomandi fyrirtækis.
- Þann 30. janúar 2025 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum bréf þar sem eftirlitið tilkynnti um frekari rannsókn á áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, nr. 1390/2020. Tilkynning um frekari rannsókn var rökstudd m.a. með vísan til láréttra áhrifa samrunans á heimtaugamarkaði í Vestmannaeyjum og neikvæðra umsagna sem hefðu borist. Samtímis sendi Samkeppniseftirlitið spurningalista og ítarlega upplýsingabeiðni til Mílu með vísan til 19. gr. samkeppnislaga.
- Líkt og áður greindi þá upplýstu samrunaaðilar Samkeppniseftirlitið þann 13. febrúar 2025 um afturköllun sína á samrunatilkynningu og lauk þá sjálfkrafa rannsókn og málsmeðferð eftirlitsins. Samkvæmt samrunaaðilum hefðu Míla og Eygló farið vandlega yfir stöðu málsins í kjölfar móttöku framangreindrar gagna- og upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Viðskiptin



hefðu auk þess mætt mikilli mótspyrnu í umsögnum sem bárust, sérstaklega í umsögnum Ljósleiðarans og Fjarskiptastofu. Þrátt fyrir að samrunaaðilar teldu margt í þeim umsögnum ekki standast skoðun þá teldu þeir fyrirséð að framundan væri tímafrek og ítarleg samrunarannsókn. Vegna þessa og með vísan til fyrirséðra tafa á ljósleiðaraupbyggingu í Vestmannaeyjabæ töldu Míla og Eygló að ekki væru forsendur til að halda málsmeðferð áfram og því hefðu félögin ákveðið að falla frá umræddum viðskiptum og afturkalla samrunaskrána.

7. Þrátt fyrir að málsmeðferð og rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi lokið án formlegrar niðurstöðu þar sem tilkynning aðila um samrunann var dregin til baka eins áður sagði, þykir rétt með úrlausn þessari að gera grein fyrir meðferð málsins og rannsókn stofnunarinnar. Er það í þágu gagnsæis í störfum eftirlitsins, í samræmi við góða stjórnsýsluhætti, til skýringar á því hvernig tíma og mannaúð stofnunarinnar er varið hverju sinni, og í samræmi við leiðbeiningarhlutverk Samkeppniseftirlitsins.
8. Með vísan til framangreinds liggur fyrir að ekki kemur til þess samruna Mílu og Eyglóar sem tilkynntur var Samkeppniseftirlitinu þann 23. desember 2024. Þarf Samkeppniseftirlitið því ekki að taka endanlega afstöðu til áhrifa samrunans og hvort hann sé samrýmanlegur samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson